

**Ed. 838. Frumvarp til laga [260. mál]**  
um breytingu á lögum nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá þannig að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því er fyrir þá kom eða skyldi koma eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila er á var hallað með honum. Sama gildir þótt annar maður en sá sem gerningurinn var gerður við eigi sök á misferli því sem getið er í 1. másl. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.

2. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess, er gerði hann, hefur orðið annars efnis en til var ætlast, er ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað.

Nú er löggerningur sendur í símskeyti og aflagast hann í meðförum símans og er hann þá eigi skuldbindandi fyrir sendanda í þeirri mynd sem hann kemur fram í og það enda þótt móttakandi sé grandlaus. Sama gildir sé munnlegum löggerningi, sem boðbera er falið að skila, skilað röngum.

Eigi sendandi sök á mistökunum skal honum skylt að bæta móttakanda það tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim. Nú fær sendandi vitneskju um mistökin og skal hann þá, án ástæðulausrar tafar, skýra gagnaðilja frá því ef hann ætlar að bera þau fyrir sig. Að öðrum kosti gildir löggerningurinn svo sem hann var er hann kom til móttakanda nema því aðeins að móttakandi hafi vitað um mistökin eða mátt um þau vita.

3. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Löggerning, sem ella mundi talinn gildur, getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig ef það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru þegar löggerningurinn kom til vitundar hans og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.

4. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur skriflegur löggerningur verið gerður til málamynda og hefur sá maður, sem við gerningnum tók, framselt grandlausum þriðja manni rétt sinn samkvæmt honum og verður það þá eigi borið fram gegn þeim manni að gerningurinn hafi verið gerður til málamynda.

5. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Hafi kröfuhafi gegn vilja sínum misst kvittun fyrir peningaupphæð er skuldari samt sem áður laus mála ef hann í grandleysi greiðir, á gjalddaga eða eftir, gegn afhendingu kvittunarinnar.

6. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

7. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni að sá maður reki eigi verslun eða aðra atvinnu, eða hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loford eigi bindandi fyrir þann mann ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé viðtækari en nauðsynlegt er til þess að varna samkeppni eða hún skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi þess manns sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atriði skal einnig hafa hliðsjón af því hverju það varðar rétthafann að þessi skuldbinding sé haldin.

Hafi starfsmaður við verslun eða annað fyrirtæki tekið á sig slíka skuldbindingu sem getur um í 1. mgr. gagnvart þeim sem fyrirtækið rekur og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans við fyrirtækið er lokið þá er sú skuldbinding ógild ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess eða ef hann sjálfur fer löglega úr stöðunni sakir þess að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann.

8. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur maður afhent tilkynningu skv. 4., 6., 9., 19., 28. og 32. gr. laga þessara til flutnings með síma, pósti eða öðru því flutningstæki sem gilt þykir að nota og kemur það þá eigi honum að sök þótt þeirri tilkynningu seinki eða hún komist eigi til skila.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

- a. 7. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl.
- b. 34. gr. laga nr. 20 frá 8. mars 1954, um váttryggingasamninga.
- c. 29. gr. höfundalaga, nr. 73 frá 29. maí 1972.
- d. 11. gr. laga nr. 44 frá 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.
- e. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75 frá 14. nóv. 1917, um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kaптúnum o.fl.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1986.